

## 1. Tilgangur

Tilgangur verklýsingarinnar er að tryggja fullnægjandi skráningu rafveitu á hættu- og neyðarástandi og að upplýsingum um slíkt ástand sé komið til Brunamálastofnunar. Með rafveitum er átt við rafveitur, iðjuver og einkarafstöðvar.

## 2. Framkvæmd

### 2.1. Skilgreining og flokkun tilvika

Með hættu – og neyðarástandi er átt við ástand sem leitt getur til slysa á fólki eða tjóns á eignum annarra aðila og stafar frá veitukerfinu. Tilvik hættu – og neyðarástands verða þegar slíkt ástand skapast á tilteknum stað á tilteknum tíma og varir tilvikið uns ástandinu lýkur. Ef ekki er vitað hvenær ástandið hófst skal miða við hvenær það uppgötvaðist.

Hættu – og neyðarástand flokkast í þrjú stig:

1.stig – Varasamt ástand,

2.stig – Hættutilvik

3.stig – Óhapp.

#### Varasamt ástand :

Ástand sem gæti leitt til óhapps ef ekki er gripið til aðgerða, en enn hefur enginn atburður átt sér stað.

#### Hættutilvik :

Atburður sem hefði við aðrar kringumstæður getað leitt til slysa á fólki eða tjóns á eignum annarra aðila.

#### Óhapp :

Atburður sem leiðir til slysa á fólki eða tjóns á eignum annarra aðila.

### 2.2. Skráning og tilkynning til Brunamálastofnunar

Öll óhöpp, hættutilvik og varasamt ástand skal skrá hvort sem það varðar slys á fólki eða tjón á eignum. Gögn þurfa að sýna að viðeigandi aðilum hafi verið tilkynnt um málið og að það hafi verið rannsakað. Skýrslu um öll óhöpp skal senda Brunamálastofnun þegar í stað, en um hættutilvik og varasamt ástand eigi sjaldnar en árlega. Nota skal eyðublaðið BST 3.230 við gerð skýrslu til Brunamálastofnunar. Heimilt er að nota önnur eyðublöð ef þau gefa sömu upplýsingar með sambærilegri framsetningu. Einnig er heimilt að skila upplýsingum á rafrænu formi eftir nánara samkomulagi við Brunamálastofnun og skulu þær þá settar fram með sama hætti.